

Sjónvarp í kvöld kl. 21.50:

Svarti-Björn fer aftur á flæking

Á dagskrá sjónvarps í kvöld kl. 21.50 er þriðji þáttur myndaflokksins „Svarti-Björn“.

Ad sögn Dóru Hafsteinsdóttur, þýðanda myndarinnar gerist þetta helst í þessum ætti: Álands-Kalli slasast í sprengingunni, sem varð í lok annars þáttar. Þessi atburður verður til þess að sprengingunum er hætt að sinni og flokkurinn leysist upp. Svarti-Björn býr ásamt tveimur öðrum áfram í kofanum og þau bíða eftir að Álands-Kalli jafni sig. Kalli segist aldrei ætla að vinna við þetta meira og ásakar sjálfan sig fyrir hvað gerst hefur. Annar af mönnum, sem býr í kofanum, veikist af berklum og deyr og það endar með því að Svarti-Björn verður að fara aftur á flæking og í atvinnuleit.



Ný barnasaga í útvarpi mánudag kl. 17.20:

„Mikael mjög-siglandi“

Á dagskrá útvarps á mánudaginn kl. 17.20 hefst lestur nýrrar barnasögu. Guðni Kolbeinsson hefur lestur sögunnar „Mikael mjög-siglandi“ eftir Olle Mattson.

Árið 1977 las Guðni í útvarpi söguna „Briggskipið Blálilju“, sem gerðist laust fyrir síðustu aldamót og fjallar um drenginn Mikael Pétursson og bernsku hans. Faðir Mikael's hafði verið háseti á briggskipinu Blálilju sem hafði farist fyrir átta árum. Allir héldu vitanlega að hann hefði druknað — nema Mikael. Hann lifði stöðugt í voninni um að faðir hans kæmi heim aftur einn góðan veðurdag. Drengurinn bjó í gömlu uppgjafa gisti-húsi ásamt Matthildi ömmu sinni og var mjög einmana. En einn vetrardag auðnaðist honum að bjarga lífi Teu, dóttur kennarans í þorpinu, og upp frá því voru þau óaðskiljanlegir vinir. Ad lyktum kom síðan faðir Mikael's heim.




Myndlistarþáttur mánudagskvöld kl. 22.50:

40 ára afmæli Myndlistar- og handíðaskólans

Á dagskrá útvarps mánudagskvöld kl. 22.50 er „Myndlistarþáttur“ í umsjón Hrafnhildar Schram.

Í þættinum verður fjallað um 40 ára afmæli Myndlistar- og handíðaskóla Íslands. Þessa dagana stendur yfir afmælis-sýning á verkum nemenda skólans að Kjarvalsstöðum, einnig er í anddyri sýning á verkum fyrrv. skólastjóra skólans, Kurt Zier.



Ljós. Mbl. Kristinn.

Mikið var um að vera á Kjarvalsstöðum sl. fimmtudag þar sem unnið var við að ganga frá afmælisýningunni. Hér má sjá einn nemandann leggja síðustu hönd á listaverk sitt.

Sunnuferðir '79

Hvergi hagstæðari kjör

FLUG MEÐ DC 8 ÞOTUM, LÆKKAR FERÐAKOSTNAÐINN.

Mallorca

Paradís á jörðu. Í meira en hundrað ár hefur Mallorca verið eftirsóttasta sólskinsparadís Evrópu, og er enn. Sjórinn, strendurnar, sólskinid, skemmtanalífið, allt eins og þú vilt hafa það. Vinsæl og eftirsótt hótél og íbúðir á baðströndunum Magaluf og Palma Nova.

Íslensk skrifstofa Sunnu er að sjálfsögðu á staðnum og hópur íslensks starfsfólks sem veitir farþegum öryggi og góða þjónustu.

Brottför:

1. og 22. júní, 13. og 27. júlí, 3., 17., 24. og 31. ágúst, 7., 14. og 28. sept., 5. okt.

Grikkland

Góðar baðstrendur í fögru umhverfi í baðstrandarbænum Glyfada 12 km frá Apenu. Fjölbreytt skemmtanalíf. Ný glæsileg hótél og íbúðir. Einnig er hægt að dvelja á grísku eyjunum, s.s. Rhodes, Kít, Korfu, Mykonos o.s.frv.

Grikklandsferð er heillandi ævintýri, sem enginn gleymir. Siglingar milli grísku eyjanna og óteljandi skemmti- og skoðunarferðir um undurfagurt landslag heillandi borga og sögufrægra staða s.s. Akropolis, Delfi, Olympia, Spórtu og Marapónsvalla. Grikkland sameinar á snilldarlegan hátt heillandi náttúrufegurð, sögulega staði og möguleika til sólbaðs og sunds í heitum sjó, hvíldarlíf við sundlaugar og baðstrendur.

Brottför:

17. maí, 6. og 26. júní, 18. júlí, 8. og 29. ágúst, 12. sept.

Kanaríeyjar

Í tilefni baranárs, fá tvö börn 10 ára og yngri í fylgd með foreldrum sínum frítt til Kanaríeyja í sumar. Sólskinsparadís allan ársins hring. Aldrei of kalt og aldrei of heitt, þar er sjórinn, sólskinid og skemmtanalífið eins og fólk vill hafa það í 365 daga á ári. Góðar baðstrendur. Kanaríeyjar eru fríhöfn með tollfrjálsa verslun. Hægt er að velja um dvöl á vinsælustu og bestu hótélum og íbúðum á Playa del Ingles, s.s. Koka, Corona Roja, Corona Blanca og Roca Verde. Íslensk skrifstofa Sunnu, með íslensku starfsfólki á staðnum.

Brottför:

5. og 26. júní, 17. júlí, 7. og 28. ágúst, 18. sept., 9. okt.

Costa del Sol

Sólarströnd Suður Spánar býr yfir sérstæðum töfrum, og þaðan er stutt yfir til margra fagurra og eftirsóknarverðra staða s.s. Granada, Sevilla og Tangier í Afríku. Flogið er beint til Malaga með DC 8 þotum Flugleiða. Í Torremolinos hefur Sunna úrval af eftirsóttum hótélum og íbúðum. Þar er einnig skrifstofa Sunnu með íslenskt starfsfólk, sem auk þess heimsækir gestina reglulega á hótél þess og íbúðir.

Brottför:

1., 8., 22. og 29. júní, 6., 13., 20. og 27. júlí, 3., 10., 17., 24. og 31. ágúst, 7., 14. og 22. sept.

Einstakt tækifæri

Ísrael/Apena 6/6, 3 vikur, verð kr. 248.000.-

SUNNA

BANKASTRÆTI 10. SÍMI 29322.